

Stefnumótun æskulýðsmála þjóðkirkjunnar

Greinargerð fyrir stýrihóp september 2021

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tillaga um nýtt skipurit	2
-Hlutverk starfsmanna æskulýðsmála.....	3
-Svæðisstjóri æskulýðsmála	3
-Verkefnastjóri æskulýðsmála.....	4
-Æskulýðsleiðtogi og ungleiðtogi.....	4
-Ávinningur af nýju skipulagi.....	4
-Útfærslur og Innleiðing.....	5
-Fjármögnun á hugmyndum um nýtt skipurit.....	7
-Hagræðing með nýju fyrirkomulagi.....	8
Aðrar tillögur starfshópsins.....	9
-Tryggja þátttöku ungs fólks í nefndum	9
-Leiðir til að auka þátttöku barna í æskulýðsstarfi	9
Helstu áskoranir í æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar í dag.....	10
-Niðurstöður úr könnun á stöðu æskulýðsmála í kirkjunni 2019.....	10
-Skýr sóknartækifæri í æskulýðsmálum	12
Samantekt	12

Inngangur

Í kjölfar stefnumótunar Þjóðkirkjunnar voru tvö forgangsverkefni skilgreind. Æskulýðsmál eru annað þessara tveggja mála og til þess að vinna að stefnumótun æskulýðsmála Þjóðkirkjunnar var settur saman starfshópur um æskulýðsmál. Hlutverk hópsins var að fara ítarlega yfir æskulýðsmálin og koma með tillögur að því hvernig frekar mætti styðja við æskulýðsstarfið. Tillögur starfshópsins byggja á þeirri miklu reynslu sem meðlimir hópsins hafa á æskulýðsmálum og skoða í hvaða sóknnum æskulýðsstarf hefur verið blómlegt og nýta þá þekkingu til að koma með tillögur sem hópurinn telur að geti ýtt frekar undir gott æskulýðsstarf og tryggja nýliðun innan Þjóðkirkjunnar.

Að mati starfshópsins er augljóst að gera þurfi breytingar til þess að hægt verði að stuðla að farsælla æskulýðsstarfi innan Þjóðkirkjunnar. Það var samróma álit hópsins að til þess að ná því fram væri nauðsynlegt að ráðast í breytingar á heildar skipulagi æskulýðsstarfsins og þörf væri á nýju skipuriti til þess að ná yfir breytingarnar. Með nýju skipuriti verða æskulýðsmálin sett í betri farveg og þau störf sem heyra undir æskulýðsmál betur skilgreind. Að auki er talið nauðsynlegt að koma á betri samstarfsvettvangi fyrir starfsmenn æskulýðsmála, að það sé ljóst hver beri ábyrgð á þeim, svo að hægt verði að samnýta starf innan prófastdæma þannig að það þurfi ekki að vinna sömu grunnvinnuna á öllum stöðum. Starfshópurinn telur mikilvægt að nefnd vinni að innleiðingu á þeim breytingum sem lagðar eru til en tillögurnar má innleiða yfir lengra tímabil eins og hér verður lýst.

Starfshópurinn telur auk þess að mikilvægt sé að tryggja enn frekar þátttöku ungs fólks í nefndum Þjóðkirkjunnar, eins og kveðið er á um í máli 7 frá 2017 og vonast til þess að kirkjuþing setji kapp á að innleiða þingsályktunina í starfsreglur þingsins.

Í starfshópnum sátu Berglind Hönnudóttir (ÆSKA), Sr. Eva Björk Valdimarsdóttir (prestur), Jónína Sif Eypórsdóttir (ÆSKP) og Kristján Kjartansson (ÆSKR). Starfsmaður hópsins var Hildur Magnúsdóttir (DecideAct) en að auki sátu Jóna Finnsdóttir (Biskupsstofu), Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem (Biskupsstofu) fundi starfshópsins.


Tillaga um nýtt skipurit

Starfshópurinn leggur til að nýtt skipurit verði innleitt fyrir æskulýðsmál Þjóðkirkjunnar. Hið nýja skipurit byggist að einhverju leyti á fyrirkomulagi sem hefur verið til staðar í Reykjavík og á Austurlandi, þar sem ÆSKR og ÆSKA eru starfandi. Þar hefur æskulýðsstarfi verið fundinn góður farvegur og starfið verið í miklum blóma. Við teljum mikilvægt að læra af reynslunni og nýta það sem vel er gert.


Nýtt skipurit felur í sér að skipaður verði svæðisstjóri æskulýðsmála en hann er ráðinn til starfa í samráði prófast og biskup til þess að þjónusta prófastdæmin. Í daglegum störfum heyrir hann undir prófast og sinnir þannig öllu héraðinu.

Undir svæðisstjóra æskulýðsmála leggjum við til að nýtt starfsheiti verði sett á fót, verkefnastjóri æskulýðsstarfs (áður æskulýðsfulltrúi). Verkefnastjórinn er þá ráðinn til starfa í samráði svæðisstjóra og presta til þjónustu í prestakalli. Í daglegum störfum heyrir hann undir svæðisstjóran en starfar með presti og sinnir söfnuðinum í samræmi við þarfagreiningu prestakallsins.

Æskulýðleiðtogar munu svo áfram starfa en þeir verða ráðnir í samráði verkefnastjóra æskulýðsstarfs, presta og sóknarnefnd. Í daglegum störfum heyra þeir undir verkefnastjóra í samráði við presta safnaða. Nýtt skipurit má sjá á mynd 1 og nánari útfærslu á hvernig æskulýðsstarfsfólk heyrir undir prófastdæmi, prestaköll og sóknir má sjá á mynd 2.



Mynd 1. Nýtt skipurit æskulýðsmála



Mynd 2. Æskulýðsstarfsmenn á mismunandi stigum

Með nýju skipuriti er stuðlað að því að boðleiðir og ábyrgð verði skýrara. Kirkjan taki sjálf ábyrgð á æskulýðsstarfinu og æskulýðsstarfsfólkinu. Með þessari ábyrgð fylgir fé og með henni er líka hægt að gera kröfur til safnaða um að æskulýðsstarfi sé vel sinnt.

Hlutverk starfsmanna æskulýðsmála

Svæðisstjóri æskulýðsmála

Vinnur á prófastsdæmisvísu við hlið prófests. Þessi einstaklingur vinnur með próföstum og ber ábyrgð á því að það sé æskulýðsstarf í hverju prófastsdæmi. Hann skipuleggur hvað er í boði hvar í prófastsdæminu í samstarfi við sóknir og skipuleggur æskulýðsviðburði og námskeið á sínu svæði. Svæðisstjóri vinnur í teymi með verkefnastjórum æskulýðsstarfs í prófastsdæminu. Hann ræður verkefnastjóra æskulýðsstarfs og æskulýðsleiðtoga í samráði við prófast og prestaköll og hefur umsjón

með þeim. Þessi starfsmaður er svipaður og starfsmaður Austurlandsprófastdæmis og starfsmaður Reykjarvíkurprófastdæmanna.

Þeir starfsmenn sem ráðnir eru í þetta hlutverk geta haft mismunandi bakgrunn, verið með guðfræðimenntun, vígðir prestar, djáknar eða með aðra menntun sem nýst getur í starfi en mikilvægast er að starf þeirra er sérstaklega tekið frá fyrir æskulýðsstarfið.

Verkefnastjóri æskulýðsmála

Hét áður æskulýðsfulltrúi. Sér um að skipuleggja barna- og æskulýðsstarf í prestakallinu og vinnur með æskulýðsleiðtogum. Hefur umsjón með barna og æskulýðsstarfi eins og foreldramorgnum, sunnudagaskóla, 6-9 ára starfi, TTT og unglingastarfi og ákvarðar verkaskiptingu með æskulýðleiðtogum í sinni sókn.

Verkefnastjóri æskulýðsstarfs er ráðin af svæðisstjóra æskulýðsstarfs í samstarfi við prestakallið eða prestaköllin sem hann mun starfa við. Hann er skipaður til þjónustu við prestakallið og sóknirnar sem hann starfar í og er hluti af starfsfólki þess og mætir á starfsmannafundi þar og á starfsmannafundi svæðisstjórans.

Þeir starfsmenn sem ráðnir eru í þetta hlutverk geta haft þverfaglegan bakgrunn eins og svæðisstjórar. Prestar geta því sinnt þessum störfum sem og aðrir en starfið þarf þá að vera sérstaklega frátekið fyrir þau verkefni.

Æskulýðsleiðtogi og ungleiðtogi

Æskulýðsleiðtogi er starfsmaður 18 ára og eldri sem starfar í barna og unglingastarfi.

Ungleiðtogi er aðstoðarmaður í barna og unglingastarfi sem er að stíga sín fyrstu skref. Þetta er aðili undir 18 ára aldri sem þar af lútandi getur ekki borið ábyrgð á starfinu en getur stutt við aðra starfsmenn.

Æskulýðsleiðtogi starfar með verkefnastjóra æskulýðsstarfs. Því aldrei skyldi einn starfsmaður vera með hóp af börnum eða unglingum undir lögdaldi.

Oft krefst umfang æskulýðsstarfsins í prestakallinu þess að það séu fleiri en einn æskulýðsleiðtogi að störfum sem styðja við störf verkefnastjóra. Ungleiðtogar eru oftast ráðnir til að taka þátt í afmörkuðum hluta æskulýðsstarfsins, t.d. aðstoða í sunnudagaskóla eða 6-9 ára starfi.

Oft eru þessi einstaklingar í eða útskrifaðir úr Leiðtogaskólanum og verður hann góð leið inn í þetta starf.

Æskulýðsleiðtogar og ungleiðtogar eru framtíðarstarfsmenn kirkjunnar og því skiptir miklu máli að hlúa vel að þessum einstaklingum og tryggja að þeir sækji þau námskeið sem eru í boði og þeir fái tækifæri til að spreyta sig í nefndum á vegum lands- og héraðssambanda.


Ávinningur af nýju skipulagi

- Faglegra fyrirkomulag og auðveldara að tryggja réttindi starfsfólks.
- Utanumhald verður einfaldara og boðleiðir skýrari.
- Skýr ábyrgð á starfsfólki æskulýðsmála.
- Laun og launamál ekki lengur á herðum gjaldkera sókna heldur greidd miðlægt.
- Samstarfsvettvangur sem stuðlar að faglegra æskulýðsstarfi.
- Sóknir geta sérhæft sig í ákveðnu starfi eins og tónlistarstarfi, starfi fyrir eldri unglinga o.fl.
- Starf lands og héraðssambanda á borð við ÆSKP, ÆSKR, ÆSKEY og ÆSKA verður markvissara.
- Fleira ungt fólk á kirkjuþing - fleiri til að leiða kirkjuna til framtíðar.


- Æskulýðsstarf kirkjunnar verður á samábyrgð héraðsins og kirkjunnar allrar.
- Skipuritið býður upp á framúrskarandi æskulýðsstarf á prófastsdæmisvísu og býður upp á sveigjanleika og viðbragð innan prófastdæmis sem tryggir starfinu stöðugleika og rótfestu.
- Ávinningur af héraðssamböndum við núverandi aðstæður er auðsýnilegur. Í þeim prófastsdæmum þar sem þeim er tryggður starfsgrundvöllur með starfsmanni er áberandi meiri virkni í æskulýðsstarf.
- Æskulýðsmiðstöð býr til grundvöll fyrir eftirfylgni, afleysingar og stoðþjónustu við æskulýðsstarf í sóknum og með nýju skipuriti tryggir það áframhald og stöðugleika starfs.
- Æskulýðsmiðstöð skapar aðstöðu til að halda úti héraðsstarfi sem ekki er hægt að starfrækja í einni sókn s.s. Leiðtogaskóla, ungu-kirkjuna 16+, héraðsmót, leik- og tónlistarklúbba og fræðslufundi.
- Með svæðisstjóra og verkefnastjóra erum við með fólk sem hefur tíma til að mynda tengsl og hefur umboð til þess á meðan æskulýðsleiðtogi sem er ungur hefur ekki burði til þess. Með þessu getum við unnið þverfaglegt starf innan kirkjunnar.

Útfærslur og Innleiðing

Til þess að geta gert áætlun um kostnað við tillögu um breytt skipurit setti hópurnir saman tillögu að því hvernig hægt væri að skipta landinu upp í æskulýðssvæði. Var stuðst við prófastdæma skiptingu. Til þess að virkt æskulýðsstarf verði á öllu landinu telur starfshópurinn æskilegt að stöðugildi fyrir svæðisstjóra æskulýðsmála verði 5 og að stöðugildi verkefnastjóra verði 30. Leggur hópurnir til tvær tillögur en mikilvægt er þó að hafa í huga að skoða þarf í samráði við prófaste hvernig æskilegt er að skipta starfsmönnum á milli svæða. Þar sem miðað er við að svæðisstjóri sé í 50% starfshlutfalli gæti sá sinnt öðrum skyldum og t.d. verið í 50% starfi sem verkefnastjóri æskulýðsmála í einu af prestaköllum.



Mynd 3. Tillaga 1 – 5 æskulýðsmiðstöðvar.



Mynd 4. Tillaga 2 – 8 æskulýðsmiðstöðvar.

Mikilvægt er að nýtt skipulag verði innleitt í góðri samvinnu við prófesta, sóknir og starfsfólk og að þessar hugmyndir verði ræddar á breiðum grundvelli til þess að innleiðing verði sem farsælust. Aðstæður geta verið ólíkar eftir prófastsdæmum og innleiðing misjafnlega aðgengileg. Innleiðing getur hafist fljótt í þeim prófastsdæmum þar sem forgangsröðun æskulýðsstarfs og innviðir eru til staðar.

Tillaga starfshópsins er að innleiðingin fari fram í þremur fösum. Þar sem tillagan byggir að miklu leyti á því starfi sem nú þegar er unnið innan ÆSKR og ÆSKA er lagt til að byrjað verði á þeim tveimur svæðum og að gerðar verði breytingar til þess að samræma starfið alfarið nýju skipuriti. Í því felst að gerðir verði nýir ráðningarsamningar við starfsfólk og störf skilgreind í samræmi við starfslýsingar hér að ofan. Í fyrsta fasa er einnig lagt til að valið verði eitt prófastdæmi eða samstarfsvæði, þar sem ekki er starfandi héraðssamband, til þess að fylgja ÆSKR og ÆSKA eftir og innleiða þar nýtt skipulag frá grunni. Gert er ráð fyrir að þessi fyrsti fasi hefjist í byrjun árs 2022 í eftirfarandi skrefum:

- Skipurit innleitt í Reykjavíkurbprófastsdæmum, Austurlandsprófastsdæmi og á einu samstarfsvæði til viðbótar:
 - Janúar 2022: Æskulýðsmiðstöðvar stofnsettar og svæðisstjórar taka til starfa.
 - Vor 2022: Nýtt skipurit og launafyrirkomulag lagt fyrir héraðsfundi til samþykktar.
 - Sumar 2022: Ráðningarferli í nýjar stöður verkefnastjóra. Núverandi æskulýðsfulltrúum og leiðtogum boðinn ráðningarsamningur skv. nýju skipulagi.
 - Hausti 2022: Verkefnastjórar taka til starfa skv. nýju skipulagi og þarfagreiningu sem unnin er í samráði héraðs og prestakalla.

Þegar fasa 1 er lokið verður komin reynsla á það hvernig gengur að innleiða skipulagið á svæði þar sem æskulýðsmál hafa ekki verið studd af svæðissamböndum eins og ÆSKR og ÆSKA. Sú reynsla verður nýtt til þess að innleiða skipulagið á öðrum svæðum. Þegar skipulagið verður innleitt á nýjum svæðum geta svæðisstjórar ÆSKR og ÆSKA auk starfsmanna ÆSKP, verið nýjum svæðisstjórum til halds og trausts. Gert ráð fyrir að fasa 2 og 3 byggi á reynslu af innleiðingu á fasa 1 og gætu hafist á bilinu 2023-2025.

Til að halda utan um innleiðingu og áframhaldandi verkefni er æskilegt að nefnd um æskulýðsmál verði skipuð á Kirkjubíingum og fái greitt fyrir samkvæmt nefndarlaunum. Sú nefnd mun bera ábyrgð á innleiðingu og að framkvæmdin verði í takt við tímaáætlun. Nefndin getur þá leitað liðsinnis starfandi svæðisstjóra þegar kemur að skipulagningu og útfærslu á innleiðingu á Fasa 2 og 3.

Breytingar launafyrirkomulags og kostnaður

Þær tillögur sem starfshópurinn leggur til eiga ekki að fela í sér kostnaðaraukningu í þeim sóknum og á þeim svæðum þar sem æskulýðsstarfi hefur verið vel sinnt. Það er þó ljóst að kostnaðaraukning er óhjákvæmileg á stöðum þar sem starf hefur legið niðri eða þar sem því hefur ekki verið sinnt í samræmi við fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar.

Eins og staðan er í dag er æskulýðsstarf greitt úr sjóðum safnaða og misjafnt er með hvaða hætti starfsmenn fá greitt. Víða tíðkast til að mynda enn þá að greiða starfsmönnum með verktaka greiðslum eða bjóða ítrekað upp á tímabundnar ráðningar, þrátt fyrir að um sé að ræða starfsfólk sem hefur starfað reglulega í söfnuðinum í mörg ár. Það er stefna hópsins að stutt verði að því að samræmi sé á milli hvernig starfsfólk æskulýðsmála fái greitt og hvaðan þær greiðslur komi. Til þess að tryggja þetta hefur starfshópurinn sett af stað vinnu við gerð kjarasamninga fyrir æskulýðsstarf í samvinnu við Sameyki.

Í dag eru engir gildandi kjarasamningar um laun starfsfólks í æskulýðsstarfi nema samningur BHM og launanefndar Þjóðkirkjunnar (hann er þó útrunninn og á bara við um háskólamenntaða æskulýðsfulltrúa). Þó má ætla að meðallaun starfsmanna í barna og æskulýðsstarfi séu um 466.000 kr. miðað við gildandi kjarasamninga í svipuðum störfum sem gjarnan er miðað við þegar laun þessara starfsmanna eru ákveðin. Víðsvegar um landið er nú samtals um 35 stöðugildi (100%) innt af hendi í barna og unglingsstarfi. Við áætlum því að kostnaður safnaða sé nú þegar um 19,5 milljónir á mánuði (með launatengdum gjöldum) vegna launa æskulýðsstarfsmanna. Áætlaðan kostnað vegna svæðisstjóra miðað við tillögu starfshópsins má sjá á mynd 5 hér fyrir neðan en þar má einnig sjá samanburð við núverandi fyrirkomulag.

Kostnaður vegna tilkomu svæðisstjóra		
Núna	1. fasi	Framtíð
Samkv. núverandi skipulagi má segja að innt sé af hendi því sem samsvarar 180% starfi svæðisstjóra á Austurlandi, Norðurlandi og í Reykjavíkur prófastdæmunum.	Í fyrsta fasa verður starfssemi svæðisstjóra því sem nemur 250% starf á landinu öllu.	Samkv. nýju skipulagi mun heildar starf svæðisstjóra vera 500% starf á landinu öllu.
Laun og launatengd gjöld nú þegar mv við grunnlaun*:	Kostnaður væri því:	Framtíðar kostnaður væri því:
1.042.101 ISK	1.447.363 ISK	2.894.725 ISK
Með launatengdum gjöldum:	Með launatengdum gjöldum:	Með launatengdum gjöldum:
1.233.863 ISK	1.713.700 ISK	3.427.398 ISK
Heildarkostnaður á ári í núverandi skipulagi mv grunnlaun:	Heildarkostnaður á ári mv möguleg grunnlaun	Heildarkostnaður á ári mv möguleg grunnlaun
14.806.356 ISK	20.564.400 ISK	41.128.776 ISK
Kostnaðar aukning kirkjunnar vegna 1. fasa væri því:	5.758.044 ISK	Heildar kostnaðar aukning kirkjunnar vegna innleiðingar svæðisstjóra á landinu öllu væri því:
		26.322.420 ISK

*Hér er mv að grunnlaun séu: 578.945kr á mánuði

Mynd 5. Kostnaður við svæðisstjóra

Starfshópurinn telur að laun æskulýðsstarfsmanna verði greidd frá Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu sem mun svo rukka sóknir um hludeild þeirra í kostnaðinum.. Fjármagn getur þá komið frá sóknum beint, héraðssjóðum eða öðrum sjóðum kirkjunnar, þetta á t.d. við ef bæjarfélög styrkja æskulýðsstarf þá greiða þau beint til viðkomandi sóknar og hún greiðir hlutdeild í launum áfram til Þjóðkirkjunnar-biskupsstofu. Þetta er gert til þess að stuðla að því að þeir starfsmenn sem sinna störfum við fleiri en eina sókn fái laun frá einum stað og tryggja að samræmi sé á milli launa til starfsmanna æskulýðsmála. Leggur hópurinn til að starfsmenn æskulýðsmála fái greitt með eftirfarandi hætti:

- Að laun svæðisstjóra æskulýðsmála verði fjármögnuð af Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu. Nýtt skipulag byggir á því að 5 stöðugildi verði fyrir svæðisstjóra æskulýðsmála en þau er í dag 1,8.

- Að laun verkefnastjóra æskulýðsmála, æskulýðsleiðtoga og ungleiðtogaverði fjármögnuð af sóknum en greidd af Þjóðkirkjunni-biskupsstofu sem svo rukkar þær sóknir sem þetta starfsfólk sinnir í hlutfalli við starf viðkomandi í sókninni.

Hafa ber í huga að þó hér komi fram tillögur að fjármögnun þessara starfa er æskilegt að tæknilegar útfærslur við greiðslu launa verði skoðaðar nánar í samráði við þá sem hafa umsjón með fjármunum þjóðkirkjunnar til að finna sem farsælasta útfærslu á þessu atriði.

Þær tillögur sem starfshópurinn leggur til leiðir ekki til þenslu í stöðugildum heldur er reynt að horfa í að hagræðing verði með tilkomu samstarfssvæða. **Nýtt skipurit kallar á ráðningar í þau störf sem nú þegar ættu að vera til, samkvæmt fræðslustefnu þjóðkirkjunnar, en hefur ekki verið sinnt.** Við reiknum með því að fara úr 35 stöðugildum í u.þ.b. 50 stöðugildi (svæðisstjórar, verkefnastjórar og leiðtogar) á landsvísu en gera má ráð fyrir að launakostnaður þessa hóps verði 26,5 milljónir á mánuði í stað 19,5 milljón í dag með launum og launatengdum gjöldum

Við útreikning á launum var fengin ráðgjöf frá Fræðagarði – BHM og Sameyki.

Útreikningar hér að ofan miðast við launakostnað starfsmanna æskulýðsmála. Ekki hefur verið tekið tillit til rekstrarkostnaðar, t.d. aksturskostnaður, skrifstofu- og stjórnunarkostnað, námskeiðskostnað og annan rekstrarkostnað fyrir hverja æskulýðsmiðstöð. Þar sem prófastdæmin eru mismunandi er erfitt að gera ráð fyrir hversu hár sá kostnaður nákvæmlega er. Miðað við þær tölur sem liggja fyrir hjá ÆSKR getur þessi kostnaður verið á bilinu 1 -1,5 m.kr. ári miðað við héraðssamband með tveimur prófastdæmum.

Hagræðing með nýju fyrirkomulagi

Ljóst er að því fyrirkomulagi sem lagt er til getur fylgt mikil hagræðing. Með því að stofna til samstarfssvæða og bæta skipulag getur hagræðing við eftirfarandi atriði náðst:

- Fjárhagsleg hagræðing fæst af skipuritinu með auknu og vel skipulögðu samstarfi innan prófastsdæmisins sem býður upp á betri nýtingu starfsfólks og veitir sóknum hlutdeild í verkefnastjóra með minni hlutfalls-þátttöku heldur en ef um sjálfstæðar ráðningar æskulýðsfulltrúa væri að ræða.
- Verkefnastjórar sjá um stærra samstarfssvæði sem þýðir færri óhagkvæm hlutastörf æskulýðsfulltrúa. Hagræðing í kynningarmálum, dagskrárgerð og efniskaupum.
- Æskulýðsmiðstöð er vettvangur til hagræðingar í kaupum á efni og búnaði sem er samnýtt sameign alls starfs í héraðinu s.s. spilásafn, föndur- búnaður og efni, hljóðkerfi, grill o.s.frv.
- Markmiðið er að tryggja ungmennum í kirkjunni aðgang að vönduðu og faglegu æskulýðsstarfi í öllum landshlutum og óháð fjárhagsstöðu einstakra safnaða.
- Þá öðlast kirkjan yfirsýn yfir raunverulegan kostnað af æskulýðsstarfi og getur í framhaldinu gert raunhæfar áætlanir þar að lútandi.

Á eftirfarandi mynd má sjá dæmi um hagræðingu, en efri taflan sýnir sókn sem sér ein um sitt æskulýðsstarf en neðri taflan sýnir hvernig samstarf er á milli fleiri sókna. Þegar niðurstöður eru bornar saman má sjá að í dæmi 1 er launakostnaður fyrir Kirkju A samtals 10.974.841 kr. en í dæmi 2 skiptist launakostnaður uppá 17.312.071 kr. á milli þriggja kirkna og er launakostnaður Kirkju A töluvert lægri en í dæmi 1, eða 5.770.690 kr. að meðaltali.

Kirkja A	Starfsstöð	Starfshlutfall	Laun	Á ári	Með gjöldum
Verkefnastjóri	A	100	448.048	5.376.576	6.365.947
Leiðtogi	A	50	202.740	2.432.874	2.880.559
Leiðtogi	A	30	121.644	1.459.724	1.728.335
Samtals Kirkja A		180% starfshlutfall		9.269.174	10.974.841
<i>kostnaður kirkju A af starfinu</i>					

Samstarfssvæði sókna	Starfsstöð	Starfshlutfall	Laun	Á ári	Með gjöldum
Verkefnastjóri	A, B, C	100	448.048	5.376.576	6.365.947
Leiðtogi	A	50	440.378	2.432.874	2.880.559
Leiðtogi	A	30	121.644	1.459.724	1.728.335
Leiðtogi	B	15	60.822	729.862	864.168
Leiðtogi	B	15	60.822	729.862	864.168
Leiðtogi	C	50	202.740	2.432.874	2.880.559
Leiðtogi	C	30	121.644	1.459.724	1.728.335
Samtals Kirkja A,B og C		290% starfshlutfall	1.456.097	14.621.497	17.312.071
<i>5.770.690 per kirkja</i>					

Aðrar tillögur starfshópsins

Tryggja þátttöku ungs fólks í nefndum

Árið 2017 var sett fram mál númer 7 um að ungt fólk undir 30 ára aldri skyldi eiga 20% sæta á Kirkjuþingi, Kirkjuráði og í öllum stjórnnum og nefndum starfandi innan kirkjunnar. Raunin virðist vera sú að þessari reglu sé almennt ekki fylgt og telur hópurinn mikilvægt að úr því verði bætt. Málið var samþykkt á kirkjuþingi en hefur ekki náð lengra. Starfshópurinn skorar á kirkjuþing að tryggja að þessu máli verði fundinn farvegur hið fyrsta. Þörf er á að taka þetta inn í umræður um starfsreglur og fylgja betur eftir, þegar nefndir eru skipaðar, að ungt fólk eigi þar sæti. Þetta er undirstaða þess að efla ungt fólk innan þjóðkirkjunnar og efla enn frekar framtíð kirkjunnar.

Leiðir til að auka þátttöku barna í æskulýðsstarfi

Þegar starfshópurinn skoðaði yfirlit yfir það æskulýðsstarf sem í boðið er í sóknum landsins kom í ljós að mikill munur er á framboði. Það kom þó einnig í ljós að þar sem æskulýðsstarfið er virkt að þar er safnaðarstarf í miklum blóma. Það er mat hópsins að eftirfarandi þætti ætti að hafa í huga varðandi æskulýðsstarf:

- Horfa sérstaklega á 10 til 12 ára starfs, það er aldurinn áður en börnin byrja í fermingarfræðslu. Fá þau inn og kynna þau fyrir kirkjunni áður en þau taka ákvörðun um hvar þau vilja fermast. Fjöldi fermingarbarna er undir meðlima hlutfalli í kirkjunni. Það eitt og sér ætti að vera nægileg vísbending um að nauðsynlegt sé að grípa inn í.
- Foreldramorgnar er eitt af því fáa sem fær unga foreldrar til að koma sjálfir í kirkjuna til að eiga samfélag. Það getur verið uppbyggjandi fyrir sóknina að efla þetta starf og eykur líkurnar á að þessir foreldrar fylgi börnum sínum inn í kirkjuna, t.d. í sunnudagaskóla.
- Fjölskyldusamverur eftir skóla eru í boði víða erlendis og er oft kjarninn í starfseminni.
- Sunnudagaskólinn, gæti verið farsælla að hann sé á mismunandi tímum á milli sókna, aukinn fjölbreytileiki sem gæti stuðlað að betri þátttöku.
- Mikilvægt er að bjóða uppá sumarnámskeið fyrir grunnskólabörn sem eru í löngu sumarfrí og ekki allir foreldrar sem hafa tök á því að senda börnin sín á kostnaðarsöm sumarnámskeið.

Hópurinn leggur til að svæðisstjórum og verkefnastjórum æskulýðsmála verði falið að skoða þessi mál og fylgja eftir.

Helstu áskoranir í æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar í dag

Þegar staða æskulýðsmála er skoðuð eru margar áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Meðal þeirra má nefna eftirfarandi:

- Það þarf að tryggja að starfið sem við erum búin að lofa sé í boði. Þetta eru ekki nýjar kröfur um að æskulýðsmálin eigi að vera í lagi en við þurfum að sjá til þess að starfinu sé lyft upp og því sinnt.
- Þarf að tryggja að það séu réttar upplýsingar á heimsíðum sóknanna um hvað er í boði. Það gengur ekki að það séu rangar upplýsingar um starfið þar, að við séum að segjast gera eitthvað sem við bjóðum ekki uppá eða að ekki sé auglýst það starf sem er í boði.
- Þar sem við erum með héraðssamband fyrir æskulýðsmál (ÆSKEY, ÆSKR, ÆSKA) þar er starfið í blóma, þar sem ekki er starfandi héraðssamband þar er æskulýðsstarf ekki eins virkt.
- Óörugg rekstrar framtíð þegar sóknir þurfa að treysta á styrki frá fyrirtækjum eða sveitarfélögum.
- Ef ekki eru gerðar kröfur um að starfið sé í boði þá eru meiri líkur á að starfið falli niður og fjármunum safnaðarins forgangsraðað í annað.
- Slæmt að byggja ofan á strúktúr sem getur breyst með einni manneskju sem fer, dæmi er um að æskulýðsstarfið falli sjálfkrafa niður þegar sá starfsmaður sem ber ábyrgð á æskulýðsmálum lætur af störfum innan safnaðarins.
- Getum ekki treyst á sjálfbæði til að stýra æskulýðsmálum, þurfum að ráða fólk í vinnu til þess að geta gert eðlilegar kröfur. Samfélagið í dag hefur breyst, þó áður hafi tíðkast að sjálfbæðið beri starfið uppi þá er það ekki raunhæf krafa í dag.
- Mikilvægt að hafa í huga að æskulýðsstarfsmenn bera í starfi sínu ábyrgð á ólögráða einstaklingum. Það þarf t.d. að fara eftir þeim reglum að starfsmaður megi ekki vera einn með hóp barna heldur er nauðsynlegt að alltaf séu að lágmarki tveir starfsmenn á staðnum.
- Það eru ýmsar kröfur í dag, nýjar persónuverndarreglur, samskiptareglur o.s.frv. Það eru svo margar ógnir fyrir starfsmann sem er í þessum málaflökki sem er tengingin milli heimilis og kirkjunnar. Áður þótti það í lagi að ungur óharðnaður einstaklingur sinnti þessum störfum en kröfurnar eru meiri núna og það verður að vera faglegur einstaklingur sem getur tekið ábyrgð að sinna þessu störfum.
- Það er fullt tilefni til að grípa inn í þegar staðan er sú að fjöldi fermingarbarna er undir meðlima hlutfalli í kirkjunni.
- Fækkun í æskulýðsstarfi er ekki endilega að áhugi hafi dvínað þetta er líka að nokkru leyti okkur sjálfum í kirkjunni að kenna því við erum ekki að bjóða upp á starf fyrir börn og unglinga í mörgum sóknum. Þarf að vera stöðugleiki í starfinu, starfið vex með stöðugleika.

Niðurstöður úr könnun á stöðu æskulýðsmála í kirkjunni 2019

Þegar staða starfsmanna æskulýðsmála er skoðuð kemur í ljós að ýmislegt er þar ábótavant. Má þá meðal annars nefna að þeir eru oft í of lágu starfshlutfalli miðað þá vinnu sem unnin er. Þeir eru ráðnir tímabundið, frá hausti til vors og vita oft ekki nema með stuttum fyrirvara hvort þeir verði endurráðnir eða ekki. Það þýðir einnig að þeir eiga oft ekki rétt á orlofi og eru tekjulausir yfir sumartímann. Starfið er auk þess oft talað niður og því haldið fram að þetta sé ekki nægilega mikil vinna sem felst í starfinu. Ráðningarsambandið er gjarnan óskýrt og þá skortir bakland til þess að geta leitað ráða og stuðnings. Þegar námskeið eru haldin þá er gerð sú krafa að þeir sæki námskeiðin í sínum eigin frítíma og fái ekki

greitt fyrir það. Það er því ljóst að það eru ýmis tækifæri til að bæta starfsumhverfi æskulýðsstarfsmanna. Nauðsynlegt er að breyta launafyrirkomulagi æskulýðsstarfsmanna til að tryggja réttindi þeirra. Dæmi eru um að erfitt hafi reynst fyrir æskulýðsstarfsfólk að fá húsnæðislán þar sem þeir eru með launaseðla frá mörgum sóknum, eru aðeins ráðnir tímabundið eða ráðnir sem verktakar. Þegar veikindi eða annað kemur uppá eru réttindi starfsmanns í verktöku enginn. Þá skal því haldið til haga að starfsmaður sem sinnir reglulega starfi innan safnaða, getur ekki verið skilgreindur sem verktaki.

Árið 2019 var framkvæmd könnun á stöðu æskulýðsmála en þá voru tekin viðtöl við æskulýðsstarfsfólk. Helstu niðurstöður má sjá hér fyrir neðan, þar sem svör viðmælenda hafa verið sett fram. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Það skortir augljóslega heildrænt skipulag í barna og æskulýðsstarfi.
- Boðleiðir eru óljósar og starfsfólk upplifir sig eitt í sínu starfi.
- Ráðningarsambandið óskýrt og starfsmenn hafa ekki bakland.
- Leiðtoga vantar stuðning og leiðsögn frá ábyrgum aðila.
- Æskulýðsstarfsmenn hafa brunnið út og hætt vegna álags.

Svör þátttakenda varpa ljósi á ýmis atriði en dæmi um svör má sjá hér fyrir neðan.

Þegar spurt var um helstu áskoranir kom eftirfarandi fram :

- „Skipulag í kringum starfið, finna mannsskap til að aðstoða, plana stundirnar, finna hentuga tímasetningu. Að ná inn nýjum börnum og hafa starfið fjölbreytt“
- „Að byggja upp starf þar sem ekkert hefur verið áður til staðar“
- „Mestu áskoranir mínar í starfinu lúta flestar ef ekki allar að sjálfum mér. Hvernig ég endurnýja áhuga og þrótt, hvernig ég þarf að passa mörk, halda slagkrafti þótt ekki gangi vel, vera alltaf samkvæmur sjálfum mér, hafa jafnt ris í starfinu og framboð fyrir alla árganga“

Þegar spurt var hver staða æskulýðsmála væri að mati viðmælenda kom eftirfarandi fram:

- „Mín tilfinning er sú að við erum svolítið hvert í sínu horni að gera sitt, mætti vera miklu meira samstarf, meiri hugmyndavinna í gangi, meiri miðlun á efni sem hefur gengið vel hjá einhverjum, þetta finnst mér alltaf vera í höndum hvers safnaðar fyrir sig en ekki koma frá yfirstjórn“
- „Kirkjan hefur blessunarlega starfsfólk sem að unnir barna- og æskulýðsstarfi og sinnir því að hugsjón og ástúð. Það er helsti styrkur þess. Barna- og æskulýðsstarf endar þó of oft sem "annað" hjá ákveðnum aðilum í sóknarnefndum eða yfirstjórn kirkjunnar“
- „Ég tel að hjálpa mætti meira litlu söfnuðinum út á landi að byggja upp starf og setja fjármagn í það. En það er svo mismunandi hvert og hvort þessir söfnuðir hafi stuðning og stundum er áhuginn til staðar og fólk en erfitt að koma starfi af stað því það skortir fjármagn“
- „Tilviljunarkenndar ákvarðanir“

Að lokum var spurt hverju viðmælendur myndu helst vilja breyta:

- „Að samræma betur þær kröfur sem ættu að gilda um barna og æskulýðsstarf kirkjunnar“

- „Að það væru fleiri samtengd verkefni yfir veturinn milli samstarfssvæða“
- „Betri yfirsýn og styðja betur við litlu söfnuðina og fá jafnvel fólk til að halda námskeið oftar úti á landi til að þjálfa nýja leiðtoga“
- „Það eru sjálfbóðaliðar að ráða og reka fólk. Gjaldkerar sem eru sjálfbóðaliðar sem ráða hvort að eitthvað sé gert eða ekki. Hann þarf bara að segja nú eru peningarnir búnir.“

Skýr sóknartækifæri í æskulýðsmálum

Nýjasta skýrsla UNICEF sýnir að það blasir við alvarleg staða hér á landi en mesti skortur barna er á félags- og tómstundastarfi. Samanborið við önnur Evrópuríki skortir mörg börn á Íslandi tómstundastarf á borð við íþróttir, tónlist og annað barna- og ungmennastarf.¹ Það er því tækifæri fyrir kirkjuna til að hefja æskulýðsstarf upp og mæta fjölskyldum á efna minni heimilum þannig að börnin geti tekið þátt í faglegu tómstundastarfi.

Það er samfélagsþörf til staðar og því þarf að aðlaga starf kirkjunnar að því samfélagi sem við erum í dag. Það er skortur á framboði á æskulýðsstarfi í dag fyrir börn og unglínga, á sama tíma er einn helsti grundvöllurinn fyrir því að kirkjan vaxi og dafni að við sem kirkja séum að mæta ungu fólki. Það að leggja áherslu á æskulýðsstarf skilar kirkjunni mjög miklu ekki bara seinna meir þegar fólk fer að gifta sig og skíra. Í þeim fjölskyldum þar sem eitt barn eða fleiri eru ánægð með starf kirkjunnar að þá skilar það jákvæðni inn á heimilið og á þær hugmyndir sem foreldrar hafa um kirkjuna. Foreldrar koma frekar inn í sóknarnefnd sem og annað sjálfbóðastarf í gegnum börnin sín. Það hefur sýnt sig almennt varðandi áhugamál barna að foreldrar elta börnin sín og fylgja þeim eftir þegar þau sinna sínum áhugamálum.

Samantekt

Markmið starfshópsins með framangreindum tillögum er að styrkja æskulýðsstarf og nýliðun innan þjóðkirkjunnar og tryggja að kirkjan sinni því hlutverki sem hún hefur sett sér varðandi þau mál. Við viljum tryggja að æskulýðsstarf sé blómlegt, að við nýtum þá miklu reynslu sem er til staðar, að stuðningur við starfsfólk æskulýðsmála sé til staðar og að stöðugt æskulýðsstarf verði tryggt. Til þess að ná þeim markmiðum teljum við nauðsynlegt að sett verði fram skýrara skipurit fyrir æskulýðsmál sem nær yfir allt landið þannig að allar sóknir geti átt kost á því að bjóða upp á samkeppnishæft æskulýðsstarf. Því felst tillaga hópsins fyrst og fremst í því að koma á nýju skipuriti og skilgreina störf þeirra sem sinna æskulýðsmálum innan þjóðkirkjunnar.

Við þessa vinnu hafði starfshópurinn að leiðarljósi að styrkja stöðir æskulýðsstarfs og að nýta þann mannafla sem við höfum og halda betur utan um þann mannauð sem fyrir er. Það þarf að tryggja að ábyrgðin sé skýr, hver það er sem ber ábyrgð á starfsmönnum æskulýðsmála. Við viljum að æskulýðsstarf sé faglegt og að starfsmenn sem sinni æskulýðsmálum hafi nauðsynlegan stuðning til þess að svo verði. Þetta er mikilvægt þar sem æskulýðsstarf er oft fyrsti snertiflötur fólks við þjóðkirkjuna og leið fólks (barna og foreldra þeirra) inn í kirkjuna. Að auki teljum við mikilvægt að sambærilegt starf sé í boði um allt land, að það sé ekki háð búsetu fólks hvort það hafi aðgengi að æskulýðsstarfi eða ekki og að fólk geti gengið að þjónustunni sem vísri.

Víðsvegar á landinu er æskulýðsstarf til fyrirmyndar. Í sumum sveitarfélögum hafa þeir sem fara fyrir æskulýðsmálum verið í samstarfi við bæjaryfirvöld, skólayfirvöld eða íþróttafélög til að styðja betur við starfið. Með þessu nýja fyrirkomulagi er ekki verið að loka fyrir að slíkt samstarf geti haldið áfram. Mikilvægt er að halda slíku samstarfi áfram og jafnvel skoða hvort hægt sé að stuðla að því á fleiri

¹ https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/unicef_-_skortskýrsla_2021_0.pdf

stöðum. Það má þó ekki vera þannig að æskulýðsstarf sé háð styrkjum og að í þeim sveitarfélögum sem það er ekki í boði að þá hafi þær sóknir ekki tækifæri til að sinna starfinu. Starfið má ekki standa og falla með því að velunnarar standi undir því með styrkjum heldur þarf kirkjan að bera ábyrgð á því að faglegt starf sé í boði.

Starfshópurinn hefur við þessa vinnu upplifað mikinn vilja víðsvegar innan þjóðkirkjunnar til þess að raunverulegar breytingar eigi sér stað á æskulýðsmálum. Hugmyndir hópsins hafa verið útfærðar og skipt upp í þrjá fasa, svo raunhæft sé að málið geti orðið að veruleika. Það er von starfshópsins að tillögum þessum verði vel tekið og að ákvörðun kirkjuþingsfulltrúa á stóra stefnumótunarfundinum 6. febrúar sl., um að setja æskulýðsmál í forgang, verði til þess að ráðist verði í aðgerðir til þess að raunverulega styrkja æskulýðsstarfið. Hópurinn væntir þess að yfirstjórn kirkjunnar finni lausnir á tæknilegum útfærslum og fjármögnun svo að þessi hugmynd um breytt skipulag í æskulýðsmálum geti orðið að veruleika.